

## 3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessarri gilda almennar reglur.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, var samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 14. febrúar 2003 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 974/2002.

*Djúpavogi, 15. febrúar 2003.*

**Bj. Hafþór Guðmundsson**, sveitarstjóri Djúpavogshepps.

## REGLUGERÐ

### um skipan yfirlækna heilsugæslustöðva til að sinna sóttvörnum.

## 1. gr.

Yfirlæknar eftirtalinna heilsugæslustöðva skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis.

Fyrir höfuðborgarsvæðið (Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes):

Lækningaforstjóri Heilsugæslunnar í Reykjavík.

Fyrir Norðurland (Hvammstangi til og með Þórshafnar):

Yfirlæknir Heilsugæslunnar á Akureyri.

Fyrir Austurland (Vopnafjörður til og með Hornafjarðar):

Lækningaforstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Fyrir Suðurland (Kirkjubæjarklaustur til og með Þorlákshafnar ásamt Vestmannaeyjum):

Yfirlæknir Heilsugæslunnar í Laugarási.

Fyrir Vesturland (Akranes til og með Búðardals ásamt Hólmavík):

Yfirlæknir Heilsugæslunnar á Akranesi.

Fyrir Vestfirði (Patreksfjörður, Bolungarvík og Ísafjörður):

Yfirlæknir Heilsugæslunnar á Ísafirði.

Fyrir Reykjanes:

Yfirlæknir Heilsugæslu Suðurnesja.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. mgr. 4. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 451/2002 um skipan heilsugæslulækna til að sinna sóttvörnum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. febrúar 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*